Bæjarskrifst. Garðabæjar
Móttdags: 09.06.20
Málalykill: 06.0
Málnr.: 2006176

SKÁTARNIR

Garðabær
b.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

**Efni: Sumarstörf á Úlfljótsvatni**

Ágæti viðtakandi

Fyrir hönd Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni óska ég eftir samstarfi við Garðabæ um sumarstörf til handa ungum skátum til starfa á Úlfljótsvatni með stuðningi sveitarfélagsins.

Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni eru félagasamtök rekin án hagnaðarsjónarmiða og eru að fullu í eigu Bandalags íslenskra skáta sem er með rótgrónustu æskulýðshreyfingum landsins. Rekstur útilífsmiðstöðvar æskulýðshreyfingar er viðkvæmur fyrir svo miklum áhrifum sem COVID-19 hefur á reksturinn og ljóst er að leita þarf allra leiða til þess að lágmarka taprekstur árið 2020.

Á Úlfljótsvatni geta ungir skátar fengið yfirgripsmikla starfsreynslu, verkþekkingu og ekki síst færni í samskiptum í gegnum fjölbreytt og gefandi störf en fólk hvaðanæva af landinu sækir Úlfljótsvatn heim ár hvert – af flestum heimshornum raunar í eðlilegu ástandi – og fjölbreytni þeirra verkefna sem sinna þarf verður seint upptalin.

Því förum við þess á leit að Garðabær styðji Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni og unga skáta í sveitarfélaginu til launaðra starfa á Úlfljótsvatni sumarið 2020.

Reykjavík 3. júní 2020,

Kristinn Ólafsson
Framkvæmdastjóri
kristinn@skatar.is



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026